

Til samráðsaðila og landeigenda í og við  
friðlandið *Ströndin við Stapa og Hellna*

Reykjavík, 15. desember 2020  
UST202001-186/G.G.  
09.04.03

## **Efni: Kynning á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna**

Undanfarið hefur samstarfshópur unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið *Ströndin við Stapa og Hellna*. Tillaga að áætluninni hefur nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraaetlanir/stjornunar-og-verndaraaetlanir-i-kynningarferli/strondin-vid-stapa-og-hellna/>

Ströndin við Stapa og Hellna er á sunnanverðu Snæfellsnesi, 15-100 metra breitt belti sem liggur eftir ströndinni frá Brúnkolluholti í vestri og að Grísafossá í austri. Sker úti fyrir ströndinni tillheyra friðlandinu. Svæðið var friðlýst sem friðland árið 1979 og er rúmlega 1,3km<sup>2</sup> að stærð. Verndargildi friðlandsins felst í jarðfræðilegum fyrirbærum, landmótun og fuglalífi. Svæðið er einnig ríkt af sögu, sögnum og menningarminjum. Leiðarljós áætlunarinnar er að manneskjan upplifi áfram þá sterku tilfinningu sem ganga með ströndinni veitir, að hún finni þann kraft sem náttúran gefur og að auðlindir náttúrunnar séu áftam nýttar á sjálfbæran hátt.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Ströndina við Stapa og Hellna er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við fulltrúa landeigenda, sveitarfélags og hagsmunaaðila og er hugsað sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn svæðisins. Markmiðið með gerð hennar er að leggja fram stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Í áætluninni er lögð fram stefnumótum til 10 ára, ásamt hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára.

Eins og áður segir liggja drög að áætluninni nú frammi til kynningar og er öllum frjálst að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum vegna hennar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum varðandi tillöguna er til og með **28. janúar 2021**.

Hægt er að skila inn ábendingum og athugasemdum á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með því að senda tölvupóst til Umhverfisstofnunar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), eða senda póst til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Guðbjörg Gunnarsdóttir, [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is), og Jón Björnsson, [jonb@umhverfisstofnun.is](mailto:jonb@umhverfisstofnun.is), eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,



Guðbjörg Gunnarsdóttir  
sérfræðingur



Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður